

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 37/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Friðriki Friðrikssyni

(Páll A. Pálsson hrl.),

Hauki Guðjónssyni

(Sigmundur Hannesson hrl.) og

Lilju Guðjónsdóttur

(Kristján Stefánsson hrl.).

Rán. Þjófnaður. Reynslulausn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Páll Sigurðsson prófessor.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar af hálfu allra ákærðu, sem krefjast sýknu, en einnig af hálfu ákærvalds, sem krefst sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Áfrýjunarstefna var gefin út 29. desember 1992.

Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi kom fram, að atburður sá, sem ákært er út af, átti sér ekki stað aðfaranótt 3. september 1991, eins og í ákæru segir, heldur síðar sama dag. Þetta þykir þó ekki varða frávisun málsins, enda hefur vörn ekki verið áfátt af þessum sökum, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, voru frásagnir ákærðu hjá lögreglu og fyrir dómi nokkuð á reiki og ósamræmi á milli þeirra. Þá er lítið unnt að byggja á framburði kærands, Bjarna Magnúsar Aðalsteinssonar. Sannað verður að telja af framburði ákærðu, sem rakinn er í héraðsdómi, að ákærðu Friðrik og Haukur hafi beitt kæranda ofbeldi með því að slá og sparka í höfuð hans, þótt ekki verði með vissu fullyrt um þátt hvors um sig. Fallist er á það með héraðsdómara, að ósannað sé, að ákærðu hafi beitt hnífi í átökum við kæranda. Hins vegar verður að telja sannað, að ákærðu öll hafi átt þátt í því að safna saman ýmsum munum í

framhaldi átakanna í því skyni að flytja þá á brott og að ákærði Haukur hafi tekið þá með sér, er hann yfirgaf heimili kæranda.

Fram hefur komið hjá ákærðu, að upphaf átakanna megi rekja til áreitni kæranda í garð ákærðu, Lilju. Hafi ekki vakað fyrir þeim að ræna kæranda. Ákærði Haukur sagði fyrir dómi, að ásetningur til að taka verðmæti hjá kæranda hafi ekki vaknað hjá sér fyrr en undir lok átakanna. Hér þykir það skipta máli, að fram hefur komið bæði hjá kæranda og ákærðu Friðriki og Hauki, að á meðan á átökunum stóð, hafi verið reynt að fá kæranda til að gefa upp leyninúmer á bankakorti sínu. Kærandi sagði fyrir dómi, að „Friðrik hafi þrifið í sig og byrjað að skera sig, og hafi átt að þvinga sig til þess að gefa upp númerið á bankakortinu“. Ákærði Haukur sagði við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu, að Friðrik hefði fundið bankakort og „þeir byrjað að þvinga Bjarna til að segja til um leyninúmerið. Bjarni hafi gefið eitthvert númer upp, sem þeir skráðu niður, en er hann var spurður um númerið stuttu síðar, hafi hann gefið upp annað númer. Er á þessu stóð, hafi þeir slegið Bjarna nokkrum sinnum.“ Fyrir dómi sagði ákærði um þetta, að hann myndi, „að eitthvað hefði verið þrasað við Bjarna um bankakort, og muni það hafa verið um, að Bjarni notaði bankakortið til þess að borga fyrir fataskemmdir, sem hann hafði valdið Lilju. Muni þeir eitthvað hafa löðrungað Bjarna, á meðan á þessu þrasi stóð“.

Eftir ákærða Friðriki var bókað um þetta hjá rannsóknarlögreglu 4. nóvember 1991: „Bjarni hafi legið í gólfinu um hrið, en síðan sest upp. Mætti segir að Haukur hafi verið að reyna að fá Bjarna til að gefa sér upp leyninúmer á bankakorti, en það hafi ekki tekist.“ Ákærði bar fyrir sig minnisleysi fyrir dómi, þar sem hann hefði verið mjög ölvaður. Hann staðfesti undirskrift sína undir skýrslu þessa, en hann undirritaði hana í viðurvist réttargæslumanns síns.

Að þessu athuguðu verður talið sannað, að aðför ákærðu Friðriks og Hauks að kæranda hafi tengst áformum um að hafa af honum verðmæti, og hafi þeir ætlað að yfirbuga hann í því skyni. Varðar atferli þessara ákærðu því við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar er ekki sannað í málinu, að ákærða, Lilja, hafi átt þátt í aðför að kæranda eða veitt liðsinni sitt við hana. Eru því

ekki skilyrði til að sakfella hana fyrir rán. Aftur á móti átti hún þátt í að taka verðmæti í eigu kæranda í því skyni að nema þau á brott. Þykir atferli hennar varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, sem heimilt er að beita hér, enda málið reifað að því leyti við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, sbr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir því, að ákærða Friðriki Friðrikssyni var 1. september 1991 veitt reynslulausn, skilorðsbundið í 2 ár, á eftirstöðvum refsingar, sem nam 165 dögum. Var tekið tillit til þess við ákvörðun refsingar hans. Þess var hins vegar ekki getið, að ákærðu Haukur og Lilja höfðu einnig rofið skilorð samkvæmt reynslulausn. Í bréfum Fangelsismálastofnunar ríkisins 6. nóvember 1992 til héraðsdómara kom fram annars vegar, að ákærða Hauki var 22. febrúar 1990 veitt reynslulausn, skilorðsbundið í 2 ár, á 180 daga eftirstöðvum refsingar, og hins vegar, að ákærðu, Lilju, var 25. febrúar 1991 veitt reynslulausn, skilorðsbundið í 1 ár, á 30 daga eftirstöðvum refsingar. Samkvæmt þessu hafa ákærðu öll með broti því, sem hér er fjallað um, rofið skilorð vegna reynslulausnar, og ber því að taka hina óútteknu refsivist þeirra með við ákvörðun refsingar, sbr. 42. gr. og 60. gr. almennra hegningarlaga. Við refsíákvörðun ber og að hafa hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. sömu laga. Að þessu athuguðu og með tilliti til sakaferils ákærðu þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin þannig, að ákærðu Friðrik og Haukur sæti hvor um sig fangelsi 18 mánuði, en ákærða, Lilja, fangelsi 6 mánuði.

Staðfest verður ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Jafnframt ber að dæma ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.“

D ó m s o r ð :

Ákærði Friðrik Friðriksson sæti fangelsi 18 mánuði.

Ákærði Haukur Guðjónsson sæti fangelsi 18 mánuði.

Ákærða, Lilja Guðjónsdóttir, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur. Auk þess greiði ákærði Friðrik skipuðum verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni

hæstaréttarlögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun, ákærði Haukur greiði skipuðum verjanda sínum, Sigmundi Hannessyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærða, Lilja, greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun.

S é r a t k v æ ð i

Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Á það verður að fallast með héraðsdómi, að ósannað sé, að ákærðu hafi átt upptök að átökunum við kæranda, Bjarna Magnús Aðalsteinsson. Við það verður að miða, að upphafið megi rekja til áreitni kæranda í garð ákærðu, Lilju Guðjónsdóttur. Því má telja ljóst, að ákærðu Friðrik Friðriksson og Haukur Guðjónsson hafi ekki veist að kæranda í því skyni að komast yfir verðmæti. Ákærðu tóku til muni í eigu kæranda og höfðu á brott með sér, eftir að átökunum var lokið og hann farinn úr íbúðinni. Valdbeiting ákærðu Friðriks og Hauks til þess að fá kæranda til að gefa þeim upp leyninúmer á bankakorti leiddi ein og sér ekki til þess, að þeir hefðu af honum fjármuni eða önnur verðmæti. Tengsl milli þessara átaka og síðari töku þeirra á verðmætum frá kæranda eru óljós. Vafa í því efni verður að meta ákærðu í hag. Það er þannig ósannað, að ofbeldi ákærðu Friðriks og Hauks gagnvart kæranda hafi verið þáttur í því að hafa af honum þá muni, er ákærðu tóku og ákærði Haukur flutti á brott. Ég tel því ekki unnt að sakfella ákærðu fyrir brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar varðar atferli ákærðu Friðriks og Hauks við 1. mgr. 217. gr. laganna og atferli allra ákærðu við 244. gr., en heimilt er að beita þeim ákvæðum hér, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um það, að ósannað sé, að eggvopni hafi verið beitt í átökunum við kæranda. Þá er ég samþykkur úrlausn þeirra um rof á reynslulausn allra ákærðu og skírskotun til 2. mgr. 70. gr. hegningarlaga.

Með hliðsjón af framansögðu og sakaferli ákærðu tel ég rétt, að ákærðu Friðrik og Haukur sæti hvor um sig fangelsi í 15 mánuði, en ákærða, Lilja, í 6 mánuði. Ég er samþykkur atkvæði meiri hlutans um sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. desember 1992.

Ár 1992, föstudaginn 11. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-64/1992: Ákærvaldið gegn Friðriki Friðrikssyni, Hauki Guðjónssyni og Lilju Guðjónsdóttur.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. ágúst 1992, á hendur Friðriki Friðrikssyni, kt. 260166-336, Rjúpufelli 46, Hauki Guðjónssyni, kt. 170566-416, Amtmannsstíg 2, og Lilju Guðjónsdóttur, kt. 310860-786, Bergþórugötu 25, öllum í Reykjavík, „fyrir rán með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 3. september 1991 í félagi ráðist á Bjarna M. Aðalsteinsson, kt. 190849-3849, á heimili hans að Skarphéðinsgötu 16, Reykjavík. Ákærðu Friðrik og Haukur slógu Bjarna og spörkuðu í hann og veittu honum áverka með hníf fyrir neðan vinstra auga. Ákærðu létu síðan greipar sópa í íbúðinni og settu margs konar varning, myndavél með fylgihlutum, útvarpsklukku, bílútvarpstæki, armbandsúr, stereóupptöku-tæki, rafmagnsrakvél, fatnað og ýmsa aðra muni, í plastpoka og hurfu á brott úr íbúðinni.

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. gera þá kröfu í málinu, að ákærðu verði dæmd, öll fyrir eitt og eitt fyrir öll, til að greiða sér 273.705 kr.“.

Málavextir.

Miðvikudagsmorguninn 4. september 1991 kom Bjarni M. Aðalsteinsson á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði það, að menn, sem hefðu verið gestkomandi hjá sér á þriðjudagsnóttina, hefðu ráðist á sig og rænt. Hefðu þar verið að verki maður að nafni Björgvin og sonur hans. Hefðu þeir setið að drykkju, og kvaðst kærandi hafa orðið mjög drukkinn. Kvað hann bankakort sitt hafa legið á borði þarna, og hefði Björgvin ráðist á sig og heimtað, að hann gæfi þeim upp leyninúmerið, svo að þeir gætu notað kortið í hraðbankaafgreiðslu. Hefði sonur Björgvins verið með hníf úr eldhússkúffu kærandans og otað að sér og hótad að stinga úr sér augun, ef hann segði þeim ekki númerið. Hefði hann rekið hnífinn í andlit sér, svo að hann skarst fyrir neðan vinstra auga. Ekki kvaðst hann muna, hvort hann hefði sagt þeim númerið, en telja, að hann hefði ekki gert það. Hefði sonur Björgvins svo sparkað í höfuð sér, svo að hann skall á miðstöðvarofn og rotaðist. Kvaðst hann telja, að hann hefði legið meðvitundarlaus fram á daginn, en þá rankað við sér, blóðugur um höfuð og illa haldinn. Kvaðst hann sakna ljósmyndavélar, bílútvarpstækis, lítils peningakassa, lykla, peningaveskis og fleiri muna, sem hann hefur gert skrá um.

Hér fyrir dómi hefur vitnið sagt, að það hafi boðið Björgvin Kristni

Friðsteinssyni með sér heim, og hafi Friðrik slegist í för með þeim. Öðrum hafi hann ekki boðið, en Friðrik muni hafa boðið þeim hinum. Hafi verið sest að drykkju, og kveðst það hafa orðið mjög ölvað. Það hafi svo sagst vera orðið þreytt og vildi leggja sig. Hafi þá Friðrik þrifið í sig og byrjað að skera sig og viljað þvinga sig til þess að gefa upp númerið á bankakortinu. Hafi Björgvin svo kýlt sig, svo að hann hafi skolið í ofn og lemstrast allur um höfuð. Þeir Friðrik og Björgvin hefðu tekið af sér lyklana og farið með bankakortið út og sagt, að þeir myndu stúta honum, ef númerið, sem hann hefði gefið upp, væri ekki rétt. Vitnið sá þau Hauk og Lilju í réttinum og segist aldrei hafa séð þau áður, og hafi þau aldrei komið á heimili sitt. Vitnið kom annarlega fyrir, þegar það gaf dómskýrslu sína, og var mjög vanstillt og gifuryrt.

Rannsóknarlögregla ríkisins leitaði fingrafara á heimili Bjarna, og fundust stök fingraför ákærðu Friðriks og Hauks á munum þar.

Við rannsókn málsins fundust hjá ákærðu eftirtalin verðmæti úr eigu Bjarna: ljósmyndavél, bílútlarp, „flask“-lampi, myndavélartaska, ljóssía, þrífótur og „jogginggalli“. Hann saknar eftirtalinna verðmæta: bankakorts, tveggja armbandsúra, peningakassa, húslykla, seðlaveskis, tvennra sólgleraugna, mittisúlp, baðmullarbols, vasaljóss, tveggja „vasadiskóa“, fatnaðar (óskilgreinds), jakkafata, skyrtu, bindis, frakka, ferðatösku, sumarjakka, „bearcathandskanners“, stereó-upptökutækis, rafmagnsrakvélar, 20 hljómsnældna og gallabuxna. Þá telur hann, að plötuspilari og taska hafi skemmst, og segist hafa orðið að láta hreinsa bæði fót og teppi.

Ákærði Friðrik skýrði frá því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 3. október þetta ár, að þau ákærðu hefðu verið á veitingastaðnum Keisar-anum og hitt þar Bjarna og mann að nafni Björgvin, sem hefði verið í fylgd Bjarna. Hefðu þau fjögur farið heim með Bjarna og sest þar að áfengisdrykkju og drukkið alla nóttina. Sjálfur hefði hann sofnað af drykkjunni svo og þeir Bjarni og Björgvin. Um morguninn hefði Haukur allt í einu „truflast“ og ráðist á Bjarna og sparkað í höfuð honum. Lilja hefði farið fram í eldhús, sótt hníf og otað að Bjarna. Hefði Haukur sagt við Bjarna, að hann hefði verið að losna af Litla-Hrauni fyrir manndráp. Hefði Haukur einnig otað hnífnum að Bjarna, en ákærði kvaðst ekki muna nánar, hvernig það bar til, að hann var kominn með hnífinn. Ákærði kvaðst hafa reynt að fá þau Hauk og Lilju ofan af þessu, en þau ekki sinnt því. Hefði hann þá farið á brott og gengið heim til kunningja síns í Skipholti. Um kvöldið hefði hann hitt Lilju, og hefði hún sagt sér, að þau Haukur hefðu tekið þarna einhverja muni úr eigu Bjarna, þ. á m. klukku og eitthvert gráleitt tæki, og borið heim til Hauks á Rauðarárstíg 7.

Ákærði gaf aðra skýrslu hjá rannsóknarlögreglu mánuði síðar og skýrði þá frá því, að átök hefðu hafist með því, að Bjarni hefði tekið í sig. Hefði

hann þá tekið um axlir Bjarna og hrint honum ofan í stól. Hefði Haukur þá komið að og slegið Bjarna þungt hnefahögg í andlitið, svo að hann rotaðist eða vankaðist mikið. Hefði Bjarni legið í gólfinu um hrið, en sest svo upp. Hefði Haukur reynt að fá hann til þess að gefa upp leyninúmer á bankakorti, en ekki tekist það. Þeir Haukur hefðu tekið saman muni og sett í plastpoka, sem Haukur muni svo hafa haft með sér á brott. Kvaðst hann muna eftir að hafa sett borðklukku og eitthvert tæki í pokann. Hann kvaðst ekki hafa veist neitt að Bjarna fyrir utan það að hafa hrint honum ofan í stólinn og ekkert hafa haft með sér af munum Bjarna. Hefði hann farið frá Bjarna á undan þeim Hauki og Lilju. Ákærði kvaðst hafa farið frá vini sínum í Skipholti niður á Hlemm og hitt þar Lilju, og hefði hún farið heim með sér. Haukur hefði svo komið til sín nokkru síðar að kvöldlagi, en ekki verið með neitt af fengnum meðferðis. Kvaðst ákærði ekki vita neitt um afdrif fengsins og ekkert hafa þegið af þeim Hauki og Lilju.

Fyrir dómi hefur komið fram hjá ákærða, að hann hafi hringt á þriðju-deginum í þau Hauk og Lilju og sagt þeim, að nóg væri að drekka hjá Bjarna, og hefðu þau komið um hádegisbilið, en hann þá verið búinn að drekka þarna um nóttina. Hefðu átökin byrjað vegna þess, að Bjarni hefði leitað á Lilju, káfað á henni og hellt yfir hana áfengi. Hann hefur neitað því, að hann hafi beitt Bjarna ofbeldi og beitt hnífi gegn honum. Hann kannast þó við að hafa tekið í axlir honum og hrint honum niður í stól, eftir að Bjarni hafði tekið í sig. Segist hann hafa farið fram á salerni eftir þetta og ekki geta sagt, hvort Haukur hafi slegið Bjarna. Bjarni hafi verið að rísa á fætur, þegar hann hafi komið af salerninu aftur, og verið með skurð á höfði. Frásögn ákærða hér að framan hefur verið borin undir hann, og kveður hann sig ráma í þetta. Segir hann, að Haukur muni hafa slegið Bjarna í höfuðið og þeir tekið til muni og sett í plastpoka. Kveðst hann hafa farið út frá Bjarna á undan þeim Hauki og Lilju. Hann viti ekki, hvað hafi orðið um góssið, en heyrt, að það hafi allt komist til skila. Sérstaklega hefur ákærði verið spurður út í þá frásögn sína hjá lögreglu, að þeir Haukur hefðu ráðist á Bjarna og látið greipar sópa hjá honum. Kveðst hann ekki muna þetta og geta hvorki játað þessu né neitað. Kveðst hann hafa verið mjög ölvaður, þegar þetta gerðist. Hann kveður Lilju hafa staðið upp og sagst ætla að ná í hníf í eldhúsinu, og kveðst hann hafa komið í veg fyrir það. Þetta hafi þó verið í stríðni sagt hjá henni. Ákærði kveður Björgvin hafa verið farinn, þegar átökin hófust. Ákærði kveðst ekki minnast þess að hafa slegið Bjarna á eyrun, sbr. hér á eftir. Þá geti hann ekki sagt, hvenær sá ásetningur hafi vaknað hjá sér að taka verðmæti frá Bjarna.

Ákærði Haukur neitaði því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 22. október þetta ár að hafa nokkuð veist að Bjarna eða tekið af eigum hans

í umrætt sinn. Hefðu þau Lilja farið á brott á undan Friðriki og miðaldra manni, sem þarna hafi verið staddur. Við yfirheyrslu síðar þennan dag breytti hann frásögn sinni og kannaðist við, að þeir Friðrik hefðu ráðist á Bjarna og látið greipar sópa um heimili hans. Tildrögin hefðu verið þau, að Bjarni hefði farið að klæmast við Lilju og skvett á hana áfengi, sem hefði farið í buxur hennar og skemmt þær. Við þetta hefðu þeir Friðrik orðið reiðir, og hefði Friðrik slegið Bjarna á bæði eyru samtímis með flötum lófum. Þeir Friðrik hefðu svo eitthvað tuskast, og kvaðst ákærði þá hafa blandað sér í átökin. Kvaðst hann hafa hjálpað Friðriki við að fella Bjarna og hafa svo sparkað í höfuð honum einu sinni, en þeir svo dröslað honum upp í stól. Friðrik hefði fundið bankakort Bjarna og þeir reynt að þvinga hann til þess að segja þeim leyninúmerið. Hefði Bjarni gefið þeim upp eitthvert númer, en þegar þeir hefðu spurt hann aftur um númerið, hefði hann sagt þeim annað númer. Hefðu þeir slegið Bjarna nokkrum sinnum, meðan á þessu gekk. Ákærði neitaði að hafa beitt eggvopni á Bjarna og kvaðst ekki geta skýrt stungusárið fyrir neðan vinstra auga hans. Ákærði kvað þau hafa safnað saman ýmsum munum, sem þau hefðu sett í plastpoka. Hefði þar verið myndavél í tösku ásamt einhverjum fylgibúnaði, útvarpsklukka, bílútvarp, „jogginggalli“ og einhver nærföt. Meðan á árásinni stóð, hefði verið þarna miðaldra maður, sem Friðrik hefði sagt vera föður sinn, en maður þessi hefði farið á brott, nokkru eftir að árásin hófst. Þau hin hefðu svo farið frá Bjarna um sama leyti, og taldi ákærði, að Bjarni hefði þá verið farinn út. Kvaðst ákærði hafa haldið á pokaum með góssinu niður á Rauðarárstíg 7. Hefði Lilja komið þangað nokkru síðar, en Friðrik farið eitthvað annað. Ákærði kvaðst svo hafa selt nafngreindum manni ljósmyndavélina og fylgihlutina fyrir 8.000 krónur. Klukkuna hefði hann skilið eftir á Rauðarárstíg 7, og útvarpið hefði fundist hjá sér í Gunnarsholti, og faðir sinn, sem einnig hefði dvalist í Gunnars-holti, hefði verið í „jogginggallanum“. Kvaðst ákærði ekki kannast við, að fleira hefði verið tekið.

Ákærði hefur viðurkennt hér fyrir dómi, að ákæran sé rétt að öðru leyti en því, að hnífur hafi ekkert komið við sögu í átökunum. Segir hann, að þau Lilja hafi komið heim til Bjarna um hádegisbil á þriðjudeginum, og hafi Friðrik verið þar fyrir. Kveður ákærði Friðrik hafa verið búinn að hringja í þau Lilju frá Bjarna og segja þeim, að þarna væri nógan drykk að hafa. Ákærði kveðst hafa verið í mikilli óreglu á þessum tíma og man ekki nákvæmlega eftir atvikum. Hann kveður allt hafa farið vel fram í upphafi, en húsráðandinn, sem hafi verið orðinn ofurölvi, hafi farið að leita þjósnalega á Lilju og skvett yfir hana úr glasi. Hafi þeir Friðrik lagt að honum að biðjast afsökunar, en svo „yfirbugað“ hann fyrir uppivöðslu-semina. Kveðst hann minnast þess að hafa slegið Bjarna eða a. m. k. átt

þátt í því. Þá kveðst hann muna, að Friðrik hafi slegið Bjarna á eyru með flötum lófum. Kannast hann við að hafa hjálpað honum til þess að fella Bjarna og að hafa sjálfur sparkað í höfuð honum einu sinni. Eitthvað hafi verið þrasað við Bjarna um, að hann notaði bankakort sitt til þess að borga með skemmdirnar, sem hann hefði valdið á fötum Lilju. Muni þeir eitthvað hafa löðrungað Bjarna, meðan þeir voru að þrasa við hann um þetta. Ákærði kveður ásetning ekki hafa vaknað hjá sér til þess að taka verðmæti hjá Bjarna fyrr en undir lok átakanna, en engin orð hafi farið á milli þeirra ákærðu um þetta. Kveður ákærði átökin hafa byrjað vegna framkomu Bjarna í garð Lilju. Þau hafi farið að huga að verðmætum inni hjá Bjarna, en hann hafi síðan rokið út. Hafi þau öll farið að taka saman dót og sett í poka. Hafi það verið bilútvarp, myndavél, útvarpsklukka, „jogginggalli“ og e. t. v. fleiri flikur. Kannast ákærði við að hafa haldið á einhverjum verðmætum í plastpoka út frá Bjarna og farið með niður á Rauðarárstíg, en Lilja hafi orðið eftir og beðið eftir lögreglunni.

Ákærða, Lilja, skýrði frá því við yfirheyrslu rannsóknarlögreglu 22. október þetta sama ár, að þeir Friðrik og Haukur hefðu ráðist á Bjarna og barið hann og sparkað í hann, svo að hann rotaðist. Miðaldra maður, sem þarna hefði verið staddur, hefði þá forðað sér. Hún neitaði því að hafa otað hnífi að Bjarna eða beitt hann nokkru ofbeldi, en kannaðist við að hafa skvett á hann úr vönglasi. Hún hefði svo tekið þátt í því að setja bilútvarp og myndavél ásamt þrífæti og „flass“-lampa, sem Bjarni átti, í poka, og hefði Haukur hlaupið með þetta niður á Rauðarárstíg.

Hér fyrir dómi hefur ákærða sagt, að hún hafi verið allsgáð, þegar hún kom á heimili Bjarna um hádegi á þriðjudeginum. Hafi Friðrik hringt þaðan í þau Hauk og sagt, að þarna væri nóg að drekka. Kveðst hún hafa verið búin að drekka þrjú glös af áfengi, þegar átökin hófust. Hafi Bjarni leitað á sig og káfað á brjóstunum á sér. Hafi hún beðið hann um að hætta þessu, en hann þá skvett yfir hana úr glasi, og hafi það orðið upptök átakanna. Hafi Friðrik slegið Bjarna í andlit með krepptum hnefa og Haukur þá ráðist á Bjarna og slegið hann í andlit og sparkað í hann. Muni hún eftir, að Haukur sat ofan á Bjarna og sló hann. Kannast hún við, að ásetningur um að taka verðmæti frá Bjarna hafi vaknað hjá sér, meðan þeir hafi verið að slá hann. Að loknum átökunum hafi Bjarni farið út. Hafi blætt úr nefi hans. Hún neitar að hafa beitt hann ofbeldi eða hafa haft hönd á hnífi, og eins neitar hún að hafa ætlað að sækja hníf. Ákærða kveðst hafa tekið til dót ásamt Hauki og sett í poka. Hafi það verið bilútvarp, myndavél, þrífótur og „flass“-lampi. Reyndar hafi hún ekki sjálf tekið til munina, heldur hafi Haukur rétt sér þá, og eins hafi hún haldið pokanum opnum. Hafi Friðrik ekki tekið þátt í því að setja dót í pokann.

Kveðst hún ekkert hafa fengið í sinn hlut af fengnum og engan ávinning hafa haft af þessu.

Við rannsókn á vettvangi fannst ekki hnífur með blóði á, en Bjarni vísaði á dúklagningarhníf og upptakara með hnífsblaði, sem hann sagði geta verið árásarvopnið.

Samkvæmt gögnum slysadeildar Borgarspítalans var grunnur skurður neðan við vinstra auga Bjarna Aðalsteinssonar, þegar hann leitaði þangað miðvikudagsmorguninn 4. september, svo og mar í kringum hægra auga og út á gagnauga þeim megin.

Björgvin Kristinn Friðsteinsson, sem getið er hér að framan, mun nú vera nýlátinn.

Niðurstaða.

Sannað er með því, sem rakið hefur verið, að ákærðu Haukur og Friðrik veittust saman að Bjarna Aðalsteinssyni með því að hrinda honum, sparka í hann og berja, og að ákærðu öll tóku síðan í krafti þessa ofbeldis muni þá, sem fundust við rannsókn málsins. Á hinn bóginn verður ekki talið sannað, að þau hafi ákveðið fyrr en undir lok átakanna að ræna Bjarna, og ósannað verður að telja, að þau hafi átt upptök að átökunum. Þá verður einnig að telja ósannað, að þau hafi tekið annað en þá muni, sem komust til skila, enda kynnu aðrir að hafa komið þar við sögu. Skýrslur ákærðu um hnífinn eru nokkuð á reiki, og á það er að líta, að ákærðu og Bjarni voru mjög ölvuð, þegar þetta varð, og að ekki hefur fundist neitt, sem styrkir frásögn Bjarna að þessu leyti. Verður að sýkna ákærðu af því að hafa beitt hnífi gegn Bjarna. Ákærðu hafa öll orðið sek um brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa bætt Bjarna Aðalsteinssyni tjón af brotinu með 273.705 krónum. Hefur félagið gert þá kröfu á hendur ákærðu, að þau verði dæmd til þess að greiða félaginu þessa fjárhæð. Er krafa félagsins byggð á lögregluskýrslum í málinu. Ákærðu verða ekki dæmd í þessu máli til þess að greiða fyrir muni, sem ósannað er, að þau hafi tekið, og ekki hefur verið reynt af hálfu bótakrefjandans að sýna fram á, að annað tjón Bjarna stafi beinlínis af broti ákærðu. Ber að vísa bóta-kröfunni frá dómi.

Viðurlög.

Við ákvörðun refsingar ákærðu verður að hafa hliðsjón af aðdraganda átakanna og því, að ásetningur til ráns varð ekki til í huga ákærðu fyrr en undir lok þeirra.

Ákærði Friðrik hefur til þessa verið dæmdur sex sinnum fyrir hegningarlagabrot, aðallega skjalafals. Þá hefur hann verið sektaður fimm sinnum,

ýmist fyrir umferðar- eða fíknilagabrot. Ákærða var hinn 1. september í fyrra veitt skilorðsbundin reynslulausn í tvö ár af 165 fangelsisdögum. Hefur hann nú rofið skilorð reynslulausnarinnar, og ber að dæma upp reynslulausnarhlutann og gera ákærða refsingu í einu lagi. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í fimmtán mánuði.

Ákærði Haukur hlaut tvisvar ákærufrestun fyrir þjófnað 1982. Hann hefur til þessa verið dæmdur sex sinnum fyrir ýmisleg hegningarlaga-brot. Þá hefur honum verið refsað þrisvar fyrir umferðarlaga-brot. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði.

Ákærða, Lilja, hefur til þessa hlotið sjö refsidóma fyrir hegningarlaga-brot. Þá hefur hún verið sektuð fimm sinnum, ýmist fyrir tolllaga-, umferðar- eða fíknilagabrot. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði.

Dæma ber ákærða Friðrik til þess að greiða verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hrl., 130.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, en hvort hinna ákærðu um sig til þess að greiða verjendum sínum, Sigmundi Hannessyni og Kristjáni Stefánssyni, 100.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu öll óskipt, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði Friðrik Friðriksson sæti fangelsi í fimmtán mánuði.

Ákærði Haukur Guðjónsson sæti fangelsi í tólf mánuði.

Ákærða, Lilja Guðjónsdóttir, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærði Friðrik greiði verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 130.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, og ákærðu Haukur og Lilja greiði hvort um sig verjendum sínum, Sigmundi Hannessyni og Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmönnum, 100.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, greiði ákærðu óskipt.